

Nd.

## 241. Frumvarp

til laga um bráðabirgðaútflytningsskýrslur.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

### 1. gr.

Fiskifélag Íslands skal safna skýrslum um útflytning á allskonar sjávarafurðum.

### 2. gr.

Fiskifélagið gefur út á mánuði hverjum skýrslur um útflytninginn; nær skýrslugerð þessi aðeins til magns vörunnar, nema öðruvísi sé ákveðið. Á skýrslum þessum skal tilgreina, hvert varan er flutt.

Félagið skal samtímis birta yfirlit um fiskbirgðir í landinu.

### 3. gr.

Til skýrslugerðarinnar skal afla þeirra gagna, sem hér segir:

*Saltfiskur, verkaður og óverkaður, og hertur fiskur.*

Yfirfiskimatsmenn skulu afhenda Fiskifélaginu afrit af hverju farmskirteini fiskjar, sem matsmaður hefir ritað á vottorð. Þessi afrit skulu þeir senda með fyrstu ferð og jafnframt fela undirmatsmönnum, sem undirskrifa í umboði þeirra, að gera hið sama.

Á afriti farmskirteinis skal tilgreina ákvörðunarstað vörunnar. Ef hann er ekki tilgreindur, skal sendandi tilkynna félaginu svo fljótt sem unnt er, hver viðtökustaðurinn varð.

*Ísfiskur, ísuð sild og ísuð hrogn:*

Útflytjendur skulu, svo fljótt sem unnt er, afhenda félaginu afrit af sölu-reikningi með tilgreindu vörumagni og verði.

Á reikningnum skal tilgreina þann þunga, sem tilkynntur er þeirri stofnun, sem fjallar um innflytningsskýrslur í hlutaðeigandi landi.

Til bráðabirgða skulu útflytjendur láta umboðsmenn sína erlendis síma Fiskifélaginu magn aflans þegar er salan hefir farið fram, frá Bretlandi það magn í enskum vættum (cwts.), sem tilkynnt er fiskimálaráðuneyti þar, en frá öðrum löndum þunga, talinn í kg.

Nú er varan seld beint af framleiðendum í erlend skip, sem kaupa fyrir eiginn reikning, og skulu þá umboðsmenn hins erlenda skips gefa skýrslu um vörumagn og verð, sundurliðaða á þann hátt, sem félagið fyrirskipar.

Af öllum öðrum sjávarafurðum eða vörum, sem að nokkru eða öllu leyti eru unnar úr þeim, skal lögreglustjóri á útflytningssstaðnum halda eftir einu eintaki af útflytningsskýrslu um vöruna og senda Fiskifélaginu með fyrstu ferð.

### 4. gr.

Nú er ákvörðunarstaður vörunnar ekki nægilega ákveðinn eða upplýsingar þær, sem í farmskirteininu felast, ekki fullnægjandi, og getur þá Fiskifélagið krafðið útflytjandann um frekari upplýsingar, og skal honum skylt að láta þær í té, að svo miklu leyti sem hann getur.

### 5. gr.

Nú þarf Fiskifélagið að safna upplýsingum um birgðir, sem til eru í landinu af einhverjum þeim afurðum, er um getur í 1. gr., og skal þá eiganda eða umráðamanni vörunnar skylt að láta félaginu eða umboðsmönnum þess í té, svo fljótt sem auðið er, skýrslur um þær birgðir, sem hann hefir umráð yfir.

6. gr.

Fiskifélaginu er skylt að láta útgerðarmönnum, bönkum og kaupskýslumönnum í té vitneskju um útflutning og birgðir af vörum þeim, sem það safnar skýrslum um. Þó skal það ekki gefa upplýsingar um útflutning eða birgðir einstakra manna eða félaga, nema með leyfi þeirra eða eftir dómsúrskurði.

7. gr.

Ríkisstjórnin getur ákveðið með reglugerð, að skýrslur þær, sem um ræðir í lögum þessum, skuli einnig ná til verðmætis vörunnar, og einnig sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, ef þurfa þykir.

8. gr.

Gefi nokkur visvitandi ranga skýrslu, skal hann sæta refsingu samkv. 156. gr. alm. hegningarlaga frá 1869.

Tregðist nokkur við að láta í té skýrslu, sem Fiskifélagið hefir krafist um, setur félagið honum hæfilegan frest til þess að hafa skilað skýrslunni, en að frestinum liðnum má þröngva honum til þess með dagsektum, 20—100 kr. á dag, og getur lögreglustjóri tiltekið sektina í bréfi til hlutaðeiganda.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Mál út af brotum á ákvæðum 1. mgr. 8. gr. laga þessara skulu sæta meðferð sakamála. Mál út af öðrum brotum á lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.